

# Íslensk NýOrka

Grensásvegi 9, Pósthólf 8192, 128 Reykjavík, Ísland  
Sími: +354-588-0310 vefang: [skulason@newenergy.is](mailto:skulason@newenergy.is) vefsíða : [www.newenergy.is](http://www.newenergy.is)

Reykjavík, 12. júlí 2019

## Umsögn um „Áform um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum um skattlagningu ökutækja (Ívilnanir vegna vistvænna ökutækja)“.

Tillögur þær sem lagðar eru fram í ofangreindum áformum er afar jákvætt skref varðandi orkuskipti á Íslandi. Tillögurnar eru og í samræmi við það sem kom fram í skýrslu „Skattar á ökutæki og eldsneyti 2020-2025; skýrsla starfshóps“. Hins vegar er í áformunum veigamiklum þáttum, sem lagðar voru til í skýrslu starfshóps, sleppt sem hefðu verulega mikil áhrif á framgang orkuskipta.

Í tillögum starfshópsins eru lagðar til ívilnanir varðandi bæði strætisvagna, þ.e. endurgreiðsla á VSK vegna kaupa á losunarfríum strætisvögnum, sem og ívilnanir varðandi flutningabíla. Ívilnanir vegna fólksbíla hafa nú verið í gildi um all nokkurt skeið en það tók markaðinn all nokkur ár að taka við sér, þ.e. það liðu mörg ár frá því að ívilnanir tóku gildi þar til sala á losunarfríum bílum tók almennilega við sér.. Stærri tæki nota verulegt magn jarðefnaeldsneytis og hingað til hefur verið takmarkað úrval af slíkum tækjum á markaði er ganga fyrir vistvænu orkugjöfum. Það er nú að breytast hratt. Strætó bs. hefur t.d. tekið afar stór og jákvæð skref í orkuskiptum með kaupum á 14 rafmagnsvögnum og er reynsla af þeim góð. Nú er lag að halda áfram orkuskiptum á þessu sviði en enn eru losunarfrír vagnar talsvert dýrari en hefðbundnir díselvagnar og því hagnast hið opinbera á því ef Strætó kaupir dýrari vagna, þar sem VSK verður enn hærri. Líkur eru á því að Strætó bs. haldi ekki áfram á sömu braut ef engar ívilnanir koma til – og þá gætu nýir díselvagnar litið dagsins ljós og rétt að benda á að þeir verða í umferð í a.m.k. 10 ár eða til 2030.

Fjöldi stórfyrirtækja hefur lýst því yfir að losunarfrír flutningabílar komi á markað á árabílinu 2019-2024. Undirbúningur slíkra verkefna tekur í upphafi 1-2 ár og afar mikilvægt að aðilar í greininni viti í hvaða umhverfi þeir munu starfa ef þeir taka ákvörðun núna um að fara í slík verkefni. Þetta eru tæki sem eru keyrð afar mikið og brenna því miklu eldsneyti. Þessa dagana er verið að opna fyrir umsóknir um frekari stuðning ríkisvaldsins um frekari uppbyggingu innviða, afar jákvætt skref í orkuskiptum. Hins vegar er helsta hindrun þess að byggja innviði lítil notkun. Stærri bílar, strætisvagnar og flutningabílar, myndu styrkja verulega efnahagslegan grunn þess að byggja innviði enda væru stórir neytendur þá á markaði sem kaupa vistvænt eldsneyti.

Í skýrslu starfshóps „Skattar á ökutæki og eldsneyti 2020-2025“ var vandlega farið yfir þessi atriði og það var gert í fullu samráði við alla þá helstu aðila sem vinna í geiranum. Til viðbótar við þau áform sem hér eru lögð fram væri afar mikilvægt að bæta við:

- Endurgreiðsla á VSK á losunarfría almennsvagna (strætisvagna) og rútur
- Ívilnanir sem lagaðar eru fram varðandi flutningabíla (VSK, afskriftarreglur og gjaldfærsla rekstrarkostnaðar)

Ísland er í dauðafæri að stórauka notkun vistvæns eldsneytis á árabílinu 2020-2030. Ef við ætlum að ná tilætluðum árangri í upptöku vistvænnar tækni í samgöngum og tilheyrandi samdrátt í losun gróðurhúsalofttegundum á næsta áratug þarf að hefja

innleiðingu núna.Þróunin mun taka tíma og verkefni þurfa góðan undirbúningstíma. Samtímis nýttist það fjármagn margfalt betur sem opinberir aðilar hafa eyrnamerkt í uppbyggingu innviða og áhugi markaðarins myndi stóraukast á að taka enn virkari þátt í slíkri uppbyggingu. Afar mikilvægt er að markaðurinn viti hvað framundan er vegna þess langa undirbúningstíma sem þarf. Einnig skiptir miklu máli að þeir sem byggja upp innviði geti áformað hvernig innviði eru nauðsynlegir þannig að þeir nýtist ekki aðeins minni fólksbílum. Þannig má nýtafjármagn til innviðsuppbyggingará hagkvæman hátt.

Innleiðing stærri tækja mun taka tíma og þó að ívilnanir tkomi til er ólíklegt að af slíkum ívilnunum verði mikið tekjutap hjá hinu opinbera. Eins og skattkerfið er núna eru raunverulega losunarfrí stór tæki viðbótartekjulind fyrir ríkið – nokkuð sem er verulega á skjön við þær yfirlýsingar sem fram hafa komið að undanfögnu. Ef opinberum aðilum er alvara með að uppfylla Parísarsáttmálann þá er mikilvægt að hefja innleiðingu stærri tækja enda jarðefnabrennsla 10 flutningabíla á við hundruðir smábíla. Nú eru um 3.000 losunarfrír bílar í umferð þannig að 50-100 stærri tæki (flutningabílar eða strætóar/rútur) jafnast á við sama olúsparnað og allir losunarfrír bílar í landinu í dag, árangur sem gerst hefur á 7 árum!

Jón Björn Skúlason  
Framkvæmdastjóri